

AUGLÝSING um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulagsbreyting Austurbyggðar (Dísastaðaland), Selfossi.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 17. febrúar 2016 breytingu á deiliskipulagi Austurbyggðar (Dísastaðalandi), Selfossi. Í breytingunni felst að einbýlishúsum á reitum H, I, J, K og L er breytt í raðhúsa- og parhúsalóðir. Einnig eru botnlangar og götuhnikkir aðlagðir fyrirhuguðum lóðabreytingum. Ákvæði um lágmarksstærð einbýlis-, par- og raðhúsa er felld niður.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulagsbreyting Gráhellu, Selfossi.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 17. febrúar 2016 breytingu á deiliskipulagi Gráhellu, Selfossi. Í breytingunni felst að parhúsalóðir eru sameinaðar í raðhúsalóðir. Einnig er gert ráð fyrir einnar hæðar par- og raðhúsum með risi. Gert er ráð fyrir einni íbúð í hverju raðhúsi.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Selfossi, 15. mars 2016.

Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 21. mars 2016